

Hafnarfirði, 21. apríl 2021

Efni: Innleiðing á gróskuhugarfari í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar

Mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar mun fara af stað með þróunarvinnu við innleiðingu á gróskuhugarfari (e. growth mindset) í skólum Hafnarfjarðar frá og með haustinu 2021. Þróunarverkefnið er til fimm ára og er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands og dr. Hermund Sigmundsson. Verkefnastjóri og doktorsnemi verkefnisins er Bergsveinn Ólafsson. Bergsveinn mun leiða verkefnið með skólum bæjarins, sjá um innleiðingu í samvinnu við starfsmenn skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs og skóla bæjarins. Auk þess sem hann mun leggja fyrir mælingar um árangur verkefnisins á tímabilinu. Bergsveinn Ólafsson doktorsnemi sinnir verkefninu í 60% starfi. Áætlaður kostnaður við verkefnið er um 7 milljónir á ári næstu fimm árin sem greiddar eru úr þróunarsjóði.

Markmið með verkefninu er að:

- Að allir hafi trú á að þeir geti bætt hæfni sína og hafi trú á eigin getu.
- Auka hvatningu til sjálfseflingar.
- Meiri þrautseigja barna og ungmenna.
- Meiri helgun í að ná markmiðum sínum.
- Aukinn námsárangur.
- Stuðla að frekari vellíðan.



Innleiðing nálgunar gróskuhugarfars í skólum Hafnarfjarðar miðar að því að efla starfsfólk skólanna í hugmyndafræði hugarfars grósku í starfi með börnum. Þær fjalla í stuttu máli um hvernig við hugsum um möguleika okkar til að bæta við okkur færni og hæfni í því sem tökum okkur fyrir hendur.

Skólafólk sem tekur mið af kenningunum setur sig í þær stellingar að allir geti bætt við sig þekkingu og færni; það sé bara spurning um hvernig námsumhverfið hvetur til þess, bæði nemendur og kennara.

Hugarfar festu byggir hins vegar á því að eiginleikar okkar og hæfileikar séu fasti sem við getum ekki breytt. Þannig leiðir hugarfar festu til þess að fólk forðast áskoranir, sér hindranir sem óyfirstíganlegar og gefst auðveldlega upp. Það áljótur að það að þurfa að reyna á sig hafi ekki tilgang og líta á gagnrýni sem niðurrif.

Fanney Dórothe Halldórsdóttir

Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar